

Alþingi
Erindi nr. P 128/727
komudagur 2.12.2002

CONSUMERS ASSOCIATION OF ICELAND
ASSOCIATE MEMBER OF IC, BEUC and ICRT

NS
NEYTENDASAMTÖKIN

SÍÐUMÚLA 13,
108 REYKJAVÍK,
SÍMI 545 1200,
TELEFAX 545 1212,
ns@ns.is
PÓSTHÓLF 8160,
128 REYKJAVÍK.

Allsherjarnefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík 2. desember 2002

**Umsögn um þingsályktunartillögu um athugun á orsökum fyrir háu matvæla-
verði á Íslandi samanborið við önnur Norðurlönd og ríki Evrópusambandsins, 3.
mál.**

Neytendasamtökin lýsa yfir stuðningi sínum við þingsályktunartillöguna og hvetja til samþykktar hennar.


Þingsályktunartillagan er efnislega samhljóða erindi sem Neytendasamtökin sendu viðskiptaráðherra 11. febrúar 2000. Þar var bent á að verðhækkanir á matvörum voru miklu meiri hér á landi borið saman við þróun í öðrum löndum á Evrópska efnahagssvæðinu. Í framhaldi af þessu erindi Neytendasamtökanna var Samkeppnisstofnun falið að leita svara við erindi samtökanna.

Í byrjun maímánaðar 2001 gaf Samkeppnisstofnun út skýrslu um matvörumarkaðinn. Þar koma fram upplýsingar sem staðfesta þær upplýsingar sem fram komu í bréfi Neytendasamtökanna. Einnig koma þar fram upplýsingar um hvernig aðilar á matvörumarkaðum starfa og hvernig fákeppnin jókst á sama tímabili og hækkanirnar urðu. Raunar koma fram í skýrslu Samkeppnisstofnunar ýmsar upplýsingar sem ætla má að séu brot á samkeppnislögum. Samkeppnisstofnun boðaði í skýrslulok ýmsar aðgerðir þar á meðal að Samkeppnisstofnun muni “fara af stað með mál í því skyni að uppræta hugsanleg brot á samkeppnislögum”. Nú rúmlega einu og hálfu ári síðar er Neytendasamtökunum ekki kunnugt um neinar slíkar aðgerðir í framhaldi af skýrslunni. Verður það að teljast undarlegt miðað við alvarleika þeirra ásakana sem fram koma í skýrslu stofnunarinnar.

Með þingsályktunartillögunni fylgja upplýsingar sem staðfesta enn miklar hækkanir á matvörum. Neytendasamtökin telja afar mikilvægt að leitað verði fullra svara við þessu og að sjórnvöld grípi í framhaldi af því til aðgerða til að rétta hlut neytenda.

Með bréfi þessu fylgja sem fylgiskjöl bréf Neytendasamtökanna dagsett 11. febrúar 2000 og tvö fylgiskjöl sem send voru með bréfmú.

Virðingarfyllt
f.h. Neytendasamtökanna


Jóhannes Gunnarsson formaður